

# Heilbrigðisstofnun Austurlands

Strandgata 31, 735 Eskifjörður; sími 470-1400, bréfs. 470-1408, kt 610199-2839

**Alþingi**

**Erindi nr. P 128/830**

**komudagur 22.1.2003**

Eskifirði 14. janúar 2003

Heilbrigðis- og trygginganefnd Alþingis  
Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10,  
150 Reykjavík

**Efni: Umsögn Heilbrigðisstofnunar Austurlands um tillögu til þingsályktunar um uppbyggingu sjúkrahótela, 25. mál og um frekari uppbyggingu endurhæfingar við Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri, 28 mál.**

Framkvæmdastjórn HSA hefur leitað eftir álit frá lækna- og hjúkrunarráði HSA um ofangreind þingsályktunarfrumvörp. Báðir aðilar hafa svarað erindinu og fylgja tilvitnanir í umsagnirnar. Þær eru efnislega líkar og Framkvæmdastjórn er þeim sammála.

**Álit hjúkrunarráðs er svohljóðandi:**

*Fyrri þingsályktunartillagan fjallar um uppbyggingu sjúkrahótela. Í greinagerðinni var vitnað í könnun sem gerð var 6. janúar 2002. Þar kom fram að af 372 sjúklingum á SHR voru alls 152 rangt staðsettir að mati deildarstjóra.*

*Af þessum sjúklingahópi biðu:*

*86 eftir hjúkrunarheimilum,*

*19 sj. eftir heimahjúkrun,*

*9 sj. eftir öldrunardeild,*

*3 sj. hefðu getað nýtt sér sjúkrahótel*

*35 sj annað ?*

*Samkvæmt þessari könnun tókum við undir að lögð sé áhersla á uppbyggingu hjúkrunarheimila og eflingu heimahjúkrunar.*

*Könnun verði gerð á hagkvæmni þess að byggja sjúkrahótel bæði á*

*höfuðborgarsvæðinu og við stærri sjúkrahús landsbyggðarinnar, þar sem rannsóknir, speglanir, skurðaðgerðir og endurhæfing fer fram og sjúklingar / aðstandendur þurfa að koma langt að og dvelja tímabundið frá sínu heimili.*

*Seinni þingsályktunartillagan fjallar um frekari uppbyggingu endurhæfingar við FSA. Stjórn hjúkrunarráðs hefur engar athugasemdir við tillöguna, en vill minna á mikilvægi þess að slík þjónusta sé sem næst heimabyggð. Austfirðingar hafa lengi haft væntingar um að byggð verði upp öflug endurhæfingadeild við FSN þar sem reynsla, þekking, tækjabúnaður er til staðar.*

**Álit læknaáðs er þannig:**

*Fyrri þingsályktunartillagan fjallar um uppbyggingu sjúkrahótela, okkar umsögn um þá tillögu er eftirfarandi:*

*Læknaáð HSA hefur fjallað um þingsályktunartillögu nr. 25, 2002, flutningsmenn Þuríður Bachman, Ögmundur Jónasson og Kolbrún Halldórsdóttir.*

*Læknaáðið lýsir yfir stuðningi við rekstur sjúkrahótels í nánnum tengslum við fyrirhugaða uppbyggingu Landspítala Háskólasjúkrahúss v/ Hringbraut. Jafnframt hvetur Læknaáðið til þess að könnuð verði hagkvæmni þess að koma á fót svipaðri þjónustu við stærri landsbyggðarsjúkrahús.*

*Síðari tillagan fjallar um frekari uppbyggingu endurhæfingar við FSA.*

*Ályktun stjórnar Læknaáðs er eftirfarandi:*

*Læknaáð HSA hefur fjallað um þingsályktunartillögu nr. 28, 2002, flutningsmenn Árni Steinar Jóhannsson og Þuríður Bachman.*

*Læknaáðið tekur undir nauðsyn þess að auka endurhæfingarþjónustu utan suðvesturhorns landsins og styður því hugmyndir um aukna starfsemi endurhæfingardeildar á Kristnesi. Jafnframt bendir Læknaáðið á nauðsyn þess að slík þjónusta sé víðar í boði og sem næst heimabyggð. Í því sambandi minnir Læknaáðið á áform um endurhæfingardeild við FSN.*

**Virðingarfyllst**



**Einar Rafn Haraldsson, framkvæmdastjóri HSA**